



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Staða innritunar í leikskóla Reykjavíkurborgar fyrir haustið 2018

Þann 21. júní 2018 voru 5.585 börn með vistun í leikskólum Reykjavíkurborgar en heildarfjöldi pláss miðað við stýringu, þ.e. hámarksfjölda barna sem er leyfilegur í leikskólum Reykjavíkur, er 5.697. Búið er að bjóða öllum börnum fæddum 2016 og fyrr sem áttu leikskólaumsókn 24. apríl leikskólavist frá hausti 2018. Nú eru 187 börn fædd frá 1. janúar til 31. maí 2017 á biðlista eftir leikskólavist. Laus pláss frá hausti eru um 268 og eru því líkur á að hægt verði að bjóða öllum börnum sem eru á þessum biðlista leikskólaráými í haust. Hafa ber í huga að boð um leikskólavist í haust er með fyrirvara um að ráðið hafi verið í lausar stöður í leikskólum áður en vistun barns getur hafist. Staðan er betri en í fyrra en þá var þann 15. maí 2017 141 barn á biðlista sem fædd voru á tímabilinu frá 1. janúar til 30. apríl 2016. Laus pláss frá hausti voru þá 83.

267 börnum sem fædd eru í janúar til maíloka 2017 hefur verið boðin leikskólavist frá hausti 2018. Til viðbótar hefur 23 börnum fæddum 1. maí til 30. september sem eru metin í forgang vegna fötlunar, veikinda eða félagslegra aðstæðna og börnum starfsmanna í leikskólum verið boðin vist frá nk. hausti.

Nú eru 187 börn fædd frá 1. janúar til 31. maí 2017 á biðlista eftir leikskólavist. Þar af eru 32 börn nú þegar í vistun en óskað hefur verið eftir flutningi á annan leikskóla. Af þeim er 11 börn sem eru á sjálfstætt starfandi leikskóla og forsjáraðilar hafa óskað eftir flutningi á borgarreinn leikskóla.

Fæðingarmánuður	Fjöldi á biðlista	Í vistun	Boðbið/biðvistun*
Janúar 2017	9	8	78
Febrúar 2017	18	10	58
Mars 2017	35	8	58
Apríl 2017	44	5	52
Maí 2017	81	1	21

Samtals	187	32	267
---------	-----	----	-----

* Boðbið: Búið er að bjóða leikskólavist en forsjáraðili er ekki búinn að samþykkja. Biðvistun: Forsjáraðili er búinn að samþykkja boð um vistun.

Af þeim 344 yngri systkinum sem voru á biðlista í borginni í vor hefur tekist í langflestum hverfum borgarinnar að bjóða yngri systkinum leikskólavist í sama leikskóla og eldra systkini eða 338 alls. Þau sem ekki fengu boð í sama leikskóla og eldra barn 24. apríl sl. og fengu boð um leikskólavist annars staðar, hafa verið að færa sig yfir á leikskóla eldra systkinis, þegar pláss losna og komið að þeim í aldursröðinni. Leikskólastjórar halda vel utan um þennan hóp og leggja mikla áherslu á að vakta þegar komið er að viðkomandi barni í röðinni að hafa samband við foreldra og bjóða þeim að færa barnið.

Undantekning frá þessu er í Seljahverfinu. Á Jöklaborg voru 15 systkini á biðlista, 11 hefur verið boðin vistun en enn standa eftir 4 yngri systkini en þau hafa fengið boð í aðra leikskóla. Í Seljaborg eru tvö yngri systkini sem hefur verið boðin leikskólavist annars staðar. Hafin er vinna við að bæta við húsnæði í Jöklaborg og gert ráð fyrir að fjölga þar plássum í desember nk. Með því verður hægt að bjóða systkinum leikskólavist á sama leikskóla og innrita yngri börn af biðlista þar.